

Vinnsla steinefna til vegagerðar

Handbók fyrir vegagerðarmenn



Hafdís Eygló Jónsdóttir Vegagerðin
Gunnar Bjarnason Vegagerðin

Á árinu 2015 verður gefin út greinargóð og myndræn handbók í A-5 umbroti um þá þætti sem tengjast vinnslu steinefna. Markmiðið með útgáfu handbókarinnar er að upplýsingar um aðferðir við efnisvinnslu verði aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Má þar nefna verktaka, eftirlitismenn og hönnuði. Ávinningur felst meðal annars í að bæta verktækni við vinnslu steinefna til vegagerðar og stuðla þannig að auknum gæðum framleiðslunnar og þar með betri gæðum og endingu vega. Verkefnið fellur vel að áherslusviði rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar um gerð leiðbeininga.




Efnisvinnsla á Brunahvammshálsi 2009. Hafdís Eygló Jónsdóttir.

Ýtarleg skýrsla um sama efni „*Vinnsla steinefna til vegagerðar – tækjabúnaður, verktækni og framleiðslueftirlit*“ var gefin út í febrúar 2013. Handbókin byggir á þeirri skýrslu. Fjallað er ýtarlega um tækjabúnað og verktækni við vinnslu steinefna en auk þess eru upplýsingar um framleiðslueftirlit og framleiðslu ólíkra efnisgerða til vegagerðar. Handbókin verður í sama formi og „*Sprengt berg í vegagerð – handbók fyrir vegagerðarmenn*“, sem kom út í mars 2012.

Handbókin verður ýtarlegur údráttur úr skýrslunni þar sem fram koma meðal annars leiðbeiningar með upplýsingum um það hvernig má ná bestum árangri við vinnslu steinefna til vegagerðar þar sem verður meðal annars greint frá mismunandi tækjabúnaði, efnisþvotti, haugsetningu og framleiðslueftirliti. Eftir að verkefnið hófst hefur umræðan um efnisvinnslu aukist talsvert og verkkaupar og verktakar hafa gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og samræmingar á milli svæða.

Markmiðin með handbókinni eru meðal annars að:

- til verði handhægar leiðbeiningar um vinnslu steinefna til vegagerðar.
- stuðla að yfirfærslu á þeirri þekkingu sem er til staðar hjá framleiðendum og kaupendum á vinnslu steinefna til nýrra aðila í greininni.
- bæta verktækni við vinnslu steinefna til vegagerðar og stuðla þannig að auknum gæðum framleiðslunnar og þar með betri gæðum og endingu vega.
- bæta gæði hönnunar, eftirlits og framleiðslu með því að auka þekkingu á vinnslu steinefna og stuðla þannig að markvissari vinnubrögðum.



Uppsetning með þremur brjótum og hörpu. Rauðu örvarnar sýna flæði á efninu. © *Metso Minerals*.